

### **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 30. október 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-74/2013:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 9. september sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á sófa, sem hún keypti í Húsgagnahöllinni, sem rekin er af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi afhendi sér nýjan sams konar eða sambærilegan sófa en til vara að kaupunum verði rift.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 12. september sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 2. október. Með bréfi, dags. 7. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess að skila þeim til 21. október. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 29. október, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi keypti hornsófa af seljanda snemma árs 2009 fyrir á bilinu kr. 200.000 til kr. 300.000. Var sófinn af gerðinni Burlington. Segir álitsbeiðandi að fljótlega eftir kaupin hafi komið fram galli á sófanum. Lýsi gallinn sér í því að áklæði á sessum sófans rifnaði við venjulega notkun, þ.e. við það að setið var í sófanum. Segir álitsbeiðandi að hún hafi vitað að af þessu gæti hlotist eitthvað vesen en ekki haft orku til að aðhafast neitt í málinu. Það hafi síðan verið á haustmánuðum 2012 sem álitsbeiðandi segist loksins hafa haft samband við seljanda og kvartað undan galla á sófanum.

Segir álitsbeiðandi að seljandi haf sent til sín starfsmann til að skoða sófann. Sá hafi talið að ekki ætti að vera stórmál að senda sófann erlendis og fá nýjan sófa til baka. Nokkru síðar segist álitsbeiðandi síðan hafa fengið tölvupóst frá öðrum starfsmanni seljanda þar sem henni sé tjáð að frestur hennar til að kvarta undan sófanum væri liðinn. Segir álitsbeiðandi að nokkrir mánuðir séu liðnir frá því það svar barst frá starfsmanni seljanda. Hún hafi hins vegar ákveðið að láta nú verða af því að leita réttar síns með því að kvarta til kærunefndarinnar. Sem fyrr segir gerir álitsbeiðandi þær kröfur að seljandi afhendi sér nýjan samskonar eða sambærilegan sófa, en til vara að kaupunum verði rift. Meðfylgjandi álitsbeiðni eru ljósmyndir af sófanum þar sem glögglega má sjá að áklæði á sessum sófans er rífið.

#### **IV**

##### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda kemur fram að álitsbeiðandi keypti sófa af gerðinni Denver af seljanda hinn 10. janúar 2009 fyrir kr. 181.988. Segir seljandi að álitsbeiðandi hafi kvartað vegna galla á sófanum um miðjan október 2012. Álitsbeiðandi bendir á að sófinn hafi verið seldur með tveggja ára ábyrgð og að sú ábyrgð hafi runnið út hinn 10. janúar 2011, þ.e. tæpum tveimur árum áður en álitsbeiðandi kvartaði undan galla á sófanum. Þá telur álitsbeiðandi að ástand sófans megi rekja til þess að köttur álitsbeiðanda hafi verið að brýna

klær sínar á honum þó það lægi auðvitað ekki ljóst fyrir. Að auki dregur seljandi í efa að starfsmaður sá er skoðaði sófann hafi haldið því fram að auðvelt yrði að senda sófann erlendis og fá nýjan í staðinn.

## V

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Hér hagar svo til að álitsbeiðandi telur að galli sé á sófa sem hún keypti og fékk afhentan 10. janúar 2009. Skilja verður álitsbeiðnina svo að álitsbeiðandi hafi fyrst kvartað við seljanda undan galla á sófanum í október 2012 enda þótt álitsbeiðandi segi sjálf að gallinn hafi komið fram „fljótlega“ eftir kaupin. Mun álitsbeiðandi því hafa kvartað undan gallanum einhverjum árum eftir að hún varð hans vör. Ekki skýrlega fram hvers vegna þessi dráttur var á því að kvörtuninni væri beint til seljanda.

Í 1. og 2. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga nr. 43/2008 segir eftirfarandi:

„Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. másl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.“

Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. ber neytanda því án ástæðulauss dráttar að tilkynna seljanda um að hann muni bera fyrir sig galla. Geri hann það ekki skiptir ekki máli hvort 2ja eða 5 ára kvörtunarfrestur kann að eiga við, sbr. 2. mgr. 27. gr., réttur til að bera fyrir sig galla fellur niður sé ákvæðum 1. mgr. ekki fylgt. Rétt er að benda á að ekki skiptir máli í þessu sambandi þótt neytanda hafi ekki verið kunnugt um ákvæði 1. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga.

Eins og að framan er rakið er ekki annað komið fram en álitsbeiðandi hafi ekki kvartað undan gallanum fyrr en einhverjum árum eftir að hún varð hans var. Engin sérstök skýring hefur verið gefin á því hve lengi dróst að tilkynna seljanda um gallann. Það er álit kærunefndarinnar að miðað við aðstæður og eðli meints galla að sá dráttur hafi orðið á kvörtuninni að hún hafi ekki komið fram í tæka tíð í skilningi ákvæðis 1. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga, og því hafi álitsbeiðandi af þeim sökum glatað úrbótarétti sínum gagnvart seljanda sem hún kynni annars að hafa átt. Ber því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

Kærunefndin vill þó taka fram, vegna andsvara seljanda, að þrátt fyrir að sófinn sem um ræðir kunnir að hafa verið seldur með tveggja ára ábyrgð, þá útilokar ábyrgðartími almennt ekki að neytendur geti eftir atvikum borið fyrir sig galla á ákveðnum söluhlutum í allt að fimm ár skv. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

**VI**  
**Álitsorð**

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir